




Fjöldi erlendra ferðamanna dregst saman en einnig brottfarir Íslendinga

Þjónustuútflutningur á fyrsta fjórðungi ársins nam 131,7 mö.kr. og dróst hann saman um rúmar 100 m.kr., eða 0,1%, á milli ára. Þjónustuinntækingur nam hins vegar tæpum 102 mö.kr. og jókst hann um 6,7 ma.kr., eða 7,1%, á milli ára. Þjónustujöfnuður var því jákvæður um 29,7 ma.kr. og sem er um 6,8 ma.kr. minni afgangur en á sama tíma í fyrra. Minni afgangur nú skýrist nánast eingöngu af meiri innflutningi þjónustu. Þetta er minnsti afgangur af þjónustuviðskiptum á fyrsta ársfjórðungi síðan árið 2016, en þá nam hann 28,6 mö.kr. Þrátt fyrir að hafa dregist aðeins saman er afgangur af þjónustuviðskiptum við útlönd hár í sögulegu ljósi og er þetta þriðji mesti afgangur af þjónustujöfnuði í íslenski hagsögu á eftir árunum 2017 og 2018.


Ferðaþjónustan dregst saman

Erlendum ferðamönnum fækkaði um 4,7% á fyrsta fjórðungi borið saman við sama fjórðung í fyrra. Þetta er í fyrsta skiptið sem erlendum ferðamönnum fækkar síðan á þriðja ársfjórðungi 2010. Með sífelld minnkandi vexti í komum erlendra ferðamanna á síðustu misserum hefur vöxtur í útflutningi ferðalaga einnig farið minnkandi. Hann var þó jákvæður á fyrsta fjórðungi og nam 7,6%. Skýrist það af veikingu krónunnar en vöxturinn á föstu gengi var neikvæður um 3,3%. Tekjur af farþegaflutningum drógust saman um 18% en 26% mælt á föstu gengi krónunnar. Samtals var vöxtur ferðaþjónustunnar neikvæður um 1,1% á fyrsta fjórðungi og um 11,1% á föstu gengi krónunnar. WOW air fór í þrot í lok mars og því naut flugfélagsins við á fyrsta ársfjórðungi. Annar ársfjórðungur verður því fyrsti fjórðungurinn án WOW air. Gera má ráð fyrir að þess muni sjást veruleg merki í vexti ferðaþjónustunnar á öðrum fjórðungi. Samdrátturinn verður þó mun meiri í farþegaflutningum en ferðalögum.


Sé litið til breytingar í útflutningi á þjónustu á fyrsta fjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra voru



Heimild: Hagstofa Íslands



Breyting á útflutningi á föstu gengi krónunnar
Heimild: Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands




Heimild: Hagstofa Íslands



áhrif ferðaþjónustunnar í heild sinni á heildarútflutning neikvæð um 1,1 ma.kr. Aðrir liðir sem höfðu neikvæð áhrif voru fjármálaþjónusta sem dróst saman um 2,7 ma.kr. Samgöngur og flutningar án ferðaþjónustu drógust saman um 0,8 ma.kr. Það sem dró úr áhrifum þessara liða á heildarútflutning var að útflutningur annarrar viðskiptaþjónustu jókst um 4,3 ma.kr.

Brottförum Íslendinga fækkar í fyrsta sinn síðan á fyrsta fjórðungi 2014

Langumsvifamesti innflutningur til landsins í formi þjónustu eru ferðalög Íslendinga erlendis. Þessi liður var 43% af heildarinnflutningi þjónustu á síðasta ári og hafði farið hækkandi árin þar á undan, en hlutfallið var t.d. 31% árið 2014. Ferðalög Íslendinga hafa aukist verulega á síðustu árum samfara auknum uppgangi hér á landi, lægra flugmiðaverði og styrkingu krónunnar sem hefur aukið kaupmátt Íslendinga erlendis. Nú á fyrsta fjórðungi fækkaði brottförum Íslendinga um 8,5% miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta er í fyrsta skiptið síðan á fyrsta ársfjórðungi 2014 sem brottfarir dragast saman. Leita þarf aftur til þriðja ársfjórðungs 2009 til að finna meiri fækkun í brottförum en þá fækkaði þeim um 41% milli ára. Þessi fækkun leiddi til þess að vöxtur í innflutningi ferðalaga var nokkuð minni en verið hefur síðustu misseri. Vöxturinn í innflutningi ferðalaga nam 7,6% en sé vöxturinn settur á fast gengi krónu var hann neikvæður um 3,3%.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.